

Sp. 693. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um snjómokstur á Siglufjarðarvegi.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að endurskoða reglugerð um snjómokstur með það fyrir augum að tryggja bættar samgöngur að vetrarlagi og skal m.a. gert ráð fyrir að vegurinn milli Siglufjarðar og Sauðárkróks sé hreinsaður þegar fært er milli Reykjavíkur og Akureyrar um Skagafjörð. Almennt skal við það miða að reglur um snjómokstur verði sveigjanlegri en nú er og meira miðaðar við aðstæður, einkum þar sem lítið vantar á að unnt sé að halda leiðum opnum til þéttbýlisstaða út frá hringveginum.

G r e i n a r g e r ð .

Tilfni þessarar tillögu er að oft stöðva óveruleg snjóhöft alla umferð á veginum milli Siglufjarðar og Sauðárkróks þótt fært sé frá Sauðárkróki til Reykjavíkur og Akureyrar. Snjómokstursreglur þurfa að vera nægilega sveigjanlegar til að tryggja að minni háttar höft af þessu tagi séu rudd þegar lítið vantar á að unnt sé að halda leiðum opnum til þéttbýlisstaða út frá hringveginum. Þannig getur staðið víðar á en á Siglufjarðarvegi og ber einnig að hafa þau tilvik í huga við endurskoðun reglugerðar um snjómokstur sem hér er gerð tillaga um.